

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 11. apríl 2021

Mál nr. S-4978/2021:

Héraðssaksóknari

(*Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Guðmundur Skúli Hartvigsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 21. október 2021, á hendur X, fæðingardagur [...], [...], fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum í rekstri einkahlutafélagsins A, kt. [...], nú afskráð, sem stjórnarmanni, framkvæmdastjóra og prókúruhafa félagsins, með því að hafa:

1. Eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var, eða innheimta bar, í rekstri einkahlutafélagsins uppgjörstímabilin júlí – ágúst til og með nóvember – desember rekstrarárið 2019, í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð 141.729.004 krónur, sem sundurliðast sem hér greinir:

| | | |
|---------------------|------------|--------------------|
| Júlí - ágúst | kr. | 60.728.284 |
| September - október | kr. | 55.302.536 |
| Nóvember - desember | <u>kr.</u> | <u>25.698.184</u> |
| | kr. | 141.729.004 |

2. Fyrir peningþvætti með því að hafa aflað einkahlutafélaginu A ávinnings af brotum samkvæmt 1. tölulið ákæru, samtals að fjárhæð 141.729.004 krónur, og nýtt ávinninginn í þágu rekstrar félagsins og eftir atvikum í eigin þágu.

Framangreind brot ákærða samkvæmt 1. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Framangreind brot ákærða samkvæmt 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með úrskurði dómsins 15. febrúar sl. var frávísunarkröfu ákærða hafnað.

Við fyrirtöku málsins 15. mars sl. lýsti sækjandi því yfir að í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 2. mars 2022 í máli nr. 46/2021 hafi ákæruvaldið ákveðið að falla frá 2. tölulið ákæru er varðar peningaþvætti, sbr. 2. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst þess jafnframt að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, greiðist úr ríkissjóði.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...] [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 18. október 2021, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Við ákvörðun refsingar verður litið til greiðlegrar játningar hans. Að framangreindu virtu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 24 mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá ber jafnframt að dæma ákærða til fésektar.

Ákærði byggir á því að fésektarlágmark 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 eigi ekki við í málinu, sbr. 2. málslið sömu málsgreinar. Á tímabilinu 8. október 2019 til 4. maí 2020 hafi 128.532.400 krónur verið greiddar inn á skattskuldir A en einungis 809.628 krónur hafi farið inn á höfuðstól krafna þeirra virðisaukaskattstímabila sem ákært sé fyrir. Hefði ákærði óskað þess að greiðslurnar rynnu inn á höfuðstól kröfu vegna ógreidds virðisaukaskatts hefði krafan vegna hans einungis numið rúmlega 13.000.000 króna.

Samkvæmt reglum nr. 797/2016 um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda skal farið að óskum gjaldanda ef hann tilgreinir sérstaklega hvaða ár eða tímabil hann ætlar að greiða. Ef ekki er sérstaklega óskað eftir ákveðinni ráðstöfun greiðslu skal greiðsla frá gjaldanda sem aðeins nægir fyrir hluta af heildarskuld alltaf ganga fyrst upp í elsta ár eða tímabil þannig að fyrst greiðist kostnaður, síðan höfuðstóll, álag og loks

vextir. Þá skal greiðsluforgangur milli gjaldflokka vera þannig að greiðslum sé fyrst ráðstafað til greiðslu virðisaukaskatts.

Meðal gagna málsins er yfirlit yfir ráðstöfun ofangreindra greiðslna að fjárhæð 128.532.400 krónur. Samkvæmt því var greiðslunum ráðstafað inn á skuldir vegna staðgreiðslu, virðisaukaskatts, opinberra gjalda og tryggingargjalds, sem voru verulegar. Fyrir liggur að ákærði óskaði ekki sérstaklega eftir því að greiðslum inn á skattskuldir A yrði ráðstafað með tilteknum hætti. Þá verður ekki ráðið af yfirlitunum að greiðslum hafi verið ráðstafað í andstöðu við framangreindar reglur um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda eða þannig að önnur leið hefði verið ákærða hagfelldari.

Í samræmi við dómaframkvæmd verður orðalagið „verulegum hluta skattfjárhæðar” samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 3. gr. laga nr. 134/2005, skýrt þannig að við mat á því hvort innborgun teljist veruleg verði að skoða hvað vangoldið hafi verið samkvæmt hverri skilagrein fyrir sig og að eigi minna en þriðjungur þess sem gjaldfallið er hafi verið greitt. Samkvæmt því teljast greiðslur inn þau tímabil sem ákært er fyrir ekki verulegar þannig að fésektarlágmark eigi ekki við. Verður sekt ákærða því ákveðin 283.458.008 krónur og ber ákærða að greiða sektina innan fjögurra vikna en sæta ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipað verjanda síns, Guðmundar Skúla Hartvigssonar lögmanns, 1.422.900 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, en ekki leiddi annan kostnað af meðferð málsins.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 24 mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 283.458.008 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipað verjanda síns, Guðmundar Skúla Hartvigssonar lögmanns, 1.422.900 krónur.